

Skólaráðsfundur 27. mars 2017

Mættir: Margrét Ingimundardóttir og Aðalbjörg Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Freydís Dana Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Kristín Sveinsdóttir og Sandra Ósk Sævarsdóttir fulltrúar nemenda, Soffía Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Berglind fulltrúi hverfisnefndar og Elín E. Magnúsdóttir starfandi skólastjóri.

Skóladagatal Glerárskóla 2017 - 2018

Farið yfir skýringar með skóladagatalinu. Skóladagatalið samþykkt af hálfu skólaráðs.

Snjalltækjanotkun

Í skólanum hafa verið unnin drög að reglum um notkun snjalltækja nemenda í skólanum með viðmið Akureyrarbæjar til hliðsjónar. Nemendaráð hefur verið með í ráðum um málið. Í síðustu viku var byrjað að vinna eftir þessum drögum og hefur gengið vel.

Rætt var um að setja viðmið Akureyrarbæjar víðar um skólann t.d. á skjáinn.

Framtíð Glerárskóla

Stjórnendur Glerárskóla hafa verið boðaðir á fund um framtíð Glerárskóla n.k. föstudag. Elín heyrði nýlega í sviðsstjóra fræðsluviðs sem gat lítið sagt um stöðu málsins nema að áhersla væri lögð á að vinna í samstarfi við sem flesta aðila um málið. Umræðan sé á byrjunarstigi. Aðalfundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis verður 19. apríl og þá verður framtíð leikskóla í hverfinu á dagskrá. Beglind sagði frá áherslum sem hverfisnefndin hefur sett og rökum nefndarinnar fyrir því að leikskóli verði byggður við Glerárskóla. Þrátt fyrir að hægt sé að koma börnum fyrir í leikskólum bæjarins sé það mikilvægt fyrir hverfið að hafa sinn leikskóla. Eins og staðan er núna eru börn úr Holta- og Hlíðarhverfi víða í leikskólum bæjarins. Skólaráð vill leggja áherslu á að bjóða börnum úr sem flestum leikskólum í heimsókn í Glerárskóla. Tröllaborgir munu verða í formlegu samstarfi við Glerárskóla næsta skólaár.

Næsti fundur skólaráðs er fyrirhugaður 15. maí kl. 15:00.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín E. Magnúsdóttir